

Undirritaðir aðilar, **sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra** f.h. íslenska ríkisins og **Bændasamtök Íslands**, hafa með vísan til 30. gr. búvörulaga nr. 99/1993, með síðari breytingum og 15. gr. samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar dags. 19. febrúar 2016 orðið sammála um svohljóðandi:

## SAMKOMULAG

### um breytingar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 19. febrúar 2016

#### 1. gr.

#### Markmið samkomulags

Markmið samkomulagsins er meðal annars að stuðla að jafnvægi framboðs og eftirspurnar á markaði með sauðfjárafurðir, auka frelsi sauðfjárbænda, að auðveldara verði að takast á við sveiflur í ytra og innra umhverfi greinarinnar og auðvelda aðlögun að breyttum búskaparháttum. Markmið gildandi samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar standa auk þess óbreytt. Samkomulag þetta er liður í endurskoðun samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 19. febrúar 2016, skv. 15. gr. samningsins. Undirritaðir aðilar sammæltust um að flýta endurskoðun samningsins sem átti að fara fram árið 2019.

#### 2. gr.

#### Samkomulag

Samninganefndir ríkis og bænda eru sammála um eftirfarandi breytingar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar:

1. Heimilt verður að gera aðlögunarsamninga við framleiðendur sem tilbúnir eru að hætta eða draga úr sauðfjárbúskap og reyna fyrir sér í nýrri starfsemi. Framleiðendur geta óskað eftir að gera slíka samninga til 2022. Aðlögunarsamningar sem gerðir verða árið 2019 gilda í fjögur ár, samningar gerðir síðar gilda í þrjú ár. Fjármagn bundið aðlögunarsamningum rennur í öllum tilfellum aftur inn í sauðfjársamning að gildistíma þeirra loknum. Fækkun vetrarfóðraðra kinda vegna aðlögunarsamninga 2019 verður ekki meiri en 10%, miðað við fækkun frá fjárfjölda 1. janúar 2017, samkvæmt gögnum Búnaðarstofu Matvælastofnunar. Ráðherra er heimilt að endurmeta ofangreint hlutfall árlega, að fenginni tillögu framkvæmdanefndar búvörusamninga, með tilliti til innanlandsvogar sbr. 5. tölul. 2. gr. og þróunar á framboði og eftirspurn sauðfjárafurða. Ákvörðun ráðherra vegna næsta almanaksárs á eftir skal liggja fyrir eigi síðar en 31. desember, í fyrsta skipti árið 2019. Reynsla af aðlögunarsamningum verður metin við síðari endurskoðun búvörusamninga árið 2023. Samkomulag samninganefnda um aðlögun að nýrri starfsemi til sveita má sjá í viðauka I við samkomulag þetta.
2. Í gr. 15.2 í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar sem tók gildi þann 1. janúar 2017 er kveðið á um endurskoðun á niðurtröppun beingreiðslna ef hlutur bænda í heildarverðmætasköpun greinarinnar eykst ekki um 7,5% frá gildistöku samnings miðað við óbreyttan fjárfjölda í landinu og fast verðlag. Þar sem markmiðið hefur ekki náðst eru gerðar breytingar á niðurtröppun beingreiðslna, sbr. töflu 1 í viðauka II. Jafnframt mun liðurinn gripagreiðslur falla út og hlutföll greiðslna til einstakra verkefna breytast. Markmið þessara breytinga er að draga úr vægi þeirra greiðslna sem tengdar eru við framleitt kjótmagn eða gripafjölda. Heildarfjárhæð greiðslna hvers árs verður sem áður samkvæmt gildandi samningi en tafla 1 í viðauka II um skiptingu greiðsla til einstakra verkefna kemur í stað töflu 1 í viðauka I í gildandi samningi.
3. Stofnsettur verður markaður fyrir greiðslumark. Greiðslumark verður innleyst og selt í gegnum markað sem verður í höndum Búnaðarstofu Matvælastofnunar. Verð ærgilda stýrist af núvirtum beingreiðslum næstu þriggja ára á fyrsta ári markaðar. Núvirt andvirði greiðslna skal reiknast

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "OSV" and other illegible marks.

miðað við stýrivexti Seðlabanka Íslands 1. janúar ár hvert og greiðslur frá þeim tíma. Verð ærgilda er reiknað frá og með 1. janúar og helst óbreytt til og með 31. desember sama ár. Frá og með öðru ári markaðar stýrist verð af núvirtum beingreiðslum næstu tveggja ára en að öðru leyti með sama hætti og að framan. Greiðslumark skal boðið til sölu á innlausnarverði ár hvert. Heimilt er að gefa ákveðnum hópum framleiðenda forgang á kaupum á því greiðslumarki sem boðið verður til sölu hverju sinni. Verði sú heimild nýtt skulu skilgreiningar á slíkum hópum útfærðar í reglugerð. Viðskipti með greiðslumark verða leyfð með þessu móti til og með 2024 en eftir það eru innan við tvö ár eftir af samningstímanum. Ríkið innleysir það greiðslumark sem selst ekki á markaðnum. Þau ærgildi falla niður og fjármagni vegna þeirra skal ráðstafa á aðra liði samnings. Nánara fyrirkomulag innlausnar- og sölu greiðslumarks verður útfært í reglugerð.

4. Við samninginn bætist ný grein með fyrirögninni „Framleiðslujafnvægi“, svohljóðandi „Fjárhæðum samkvæmt þessum lið verður ráðstafað ef bregðast þarf við breytingum á framboði og eftirspurn á markaði. Framkvæmdarnefnd er heimilt að færa fjármuni á þennan lið sbr. 11.1 gr. núgildandi samnings. Ráðstafa skal ónýttum beingreiðslum sbr. ákvæði 3.7 í gildandi samningi til þessa verkefnis. Af þessum lið verður heimilt að ráðstafa fjármunum í eftirtalin verkefni: a) Eflingu á markaðsfærslu sauðfjárafurða, b) sérstakar uppbætur fyrir slátrun áa til fækkunar c) tilfærslur í aðra framleiðslu í sauðfjárrækt og d) greiðslur til að hafa áhrif á framleiðslumagn. Verði fjármunir sem til ráðstöfunar eru, ekki nýttir til verkefna skv. liðum a) - d) skal framkvæmdanefnd búvörusamninga ráðstafa þeim til annarra verkefna í sauðfjársamningi.
5. Sett verður á svokölluð „innanlandsvog“ sem skilgreinir þarfir og eftirspurn innanlandsmarkaðar eftir kindakjöti. Árlega, fyrir 20. ágúst, skal Matvælastofnun áætla sölumagn kindakjöts á innanlandsmarkaði næsta almanaksár og byggja þá áætlun á sölu síðustu 24 mánaða og líklegri sölupróun. Við mat á innanlandspörf fyrir kindakjöt skal áætla sölu til að mæta mismunandi eftirspurn eftir afurðum/skrokkhlutum. Framkvæmdanefnd búvörusamninga staðfestir áætlun Matvælastofnunar. Innanlandsvog metur áætlaða þörf innanlandsmarkaðar. Mismunur á raunverulegri framleiðslu og innanlandsvog gefur til kynna árlega útflutningsþörf sláturleyfishafa. Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar skiptast á þann hluta heildarframleiðslunnar sem ætlaður er til innanlandsmarkaðar.
6. Ásetningshlutfall skal vera 0,6. Ráðherra er heimilt að endurmeta ofangreint hlutfall árlega, að fenginni tillögu framkvæmdanefndar búvörusamninga, með tilliti til innanlandsvogar og þróunar á framboði og eftirspurn sauðfjárafurða. Verði sú heimild nýtt skal ákvörðun ráðherra liggja fyrir eigi síðar en 15. september vegna beingreiðslna næsta almanaksárs á eftir. Ekki er þó heimilt að lækka hlutfallið niður fyrir 0,5.
7. Endurskoðun samningsins fer fram næst árið 2023. Fyrst og fremst verður horft til þess hvernig framleiðsla sauðfjárafurða og afkoma í greininni hefur þróast og hvernig markmið samningsins og þessa samkomulags hafa gengið eftir. Einnig skal skoða þróun í bústærð, fjölda búa eftir svæðum og fjárfjölda í landinu. Þá skal endurskoða býlisstuðning, bæði fjárhæðir og þrep.

### 3. gr. Bókun

Í skýrslu KPMG<sup>1</sup> kemur fram að svigrúm sé til hagræðingar í afurðastöðvageiranum sem mögulegt sé að nýta til góðs í þágu bænda og neytenda. Aðilar eru sammála um að mikilvægt sé að ná fram aukinni

<sup>1</sup> Ráðgjafarsvið KPMG (júni 2018). Úttekt á afurðastöðvum. Unnin fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

bb  
Breykt  
08



hagræðingu í greininni og að kannað verði hvort sláturleyfishafar geti átt samstarf um afmarkaða þætti í starfsemi sinni.

#### 4. gr.

##### Gildistími

Samkomulag þetta tekur gildi við undirritun og gildir til 31. desember 2026. Breytingar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 19. febrúar 2016 sem leiða af þessu samkomulagi taka gildi frá og með 1. janúar 2020, með þeim undantekningum að hægt verður að sækja um aðlögunarsamninga skv. 1. tölulið 2. gr. á árinu 2019, ákvæði um viðskipti með greiðslumark skv. 3. tölulið 2. gr. og ákvæði um innanlandsvog skv. 5. tölulið 2. gr. taka gildi á árinu 2019.

#### 5. gr.

##### Ýmis ákvæði

Öll ákvæði samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar sem frá 19. febrúar 2016 sem ekki er breytt á grundvelli samkomulags þessa standa óbreytt.

Af samkomulagi þessu, auk viðauka I-III sem skoðast sem hluti samningsins, eru gerð fjögur samhljóða frumrit og skulu þau varðveitt hjá samningsaðilum, eitt hjá hvorum. Öllu framangreindu til staðfestingar rita til þess bærir aðilar nöfn sín hér að neðan.

Samkomulag þetta er undirritað f.h. ríkisstjórnar Íslands með fyrirvara um samþykki Alþingis á nauðsynlegum lagabreytingum.

Samkomulag þetta er undirritað að hálfu Bændasamtaka Íslands og Landssamtaka sauðfjáraþenda með fyrirvara um samþykki félagsmanna í atkvæðagreiðslu.


Reykjavík, dags. 11. janúar 2019.

F.h. ríkisstjórnar Íslands



Kristján Þór Júlíusson

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



Bjarni Benediktsson

fjármála- og efnahagsráðherra

F.h. Bændasamtaka Íslands



Sindri Sigurgeirsson

Formaður Bændasamtaka Íslands



Oddný Steína Valsdóttir

Formaður Landssamtaka sauðfjáraþenda

Vottur að réttri dagsetningu og undirskrift



Unnur Brá Konráðsdóttir

Formaður samninganefndar ríkisins

## Viðauki I

### Aðlögun að nýrri starfsemi til sveita

#### 1. gr.

##### Markmið samningsins

Samningur þessi er gerður á grundvelli ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um gerð aðlögunarsamninga um nýja starfsemi til sveita í því skyni að ná jafnvægi í framleiðslu sauðfjárafurða og gera bændum kleift að byggja upp nýjar búgreinar og búskaparhætti eða hasla sér völl á öðrum sviðum meðal annars til þess að stuðla að nýsköpun og náttúruvernd.

#### 2. gr.

##### Skilyrði greiðslna

Þeir einir geta fengið greiðslur samkvæmt samningi þessum sem eru skráðir eigendur eða leigjendur lögbýlis, stunda sauðfjárrækt á lögbýlinu og njóta stuðningsgreiðslna á grundvelli reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt. Skilyrði fyrir greiðslum eru einnig þátttaka í afurðaskýrsluhaldi Bændasamtaka Íslands og fullnægjandi skil á haustskýrslum í Bústofn fram að gildistöku aðlögunarsamnings.

Skilyrði greiðslna er að framleiðandi skuldbindi sig til að fækka um að minnsta kosti 100 fjár á vetrarfóðrun. Miðað skal við að áætlaðri förgun skuli vera lokið innan árs frá því að samningur er undirritaður. Framleiðendur skuldbinda sig til að skila fé með fullorðinsnúmer til slátrunar og fjölga ekki fé á vetrarfóðrun á gildistíma samningsins. Kvöðin verði bundin við viðkomandi jörð, framleiðanda og tengda aðila. Ráðherra hefur heimild til að aflétta þessari kvöð af jörðum.

Aðlögunarsamningar fela í sér innlausn ærgilda vegna þeirra ærgilda sem samningurinn tekur til.

Þá ber framleiðanda að stunda á samningstímanum atvinnurekstur/búskap í samræmi við áætlun sem samþykkt hefur verið af Framleiðnisjóði og framkvæmdanefnd búvörusamninga upplýst um.

Jafnframt er framleiðandi skuldbundinn til að hafa lögheimili og fasta búsetu á lögbýlinu á gildistíma samningsins og halda jörðinni í góðu ásigkomulagi. Þó er framleiðanda heimilt að fengnu skriflegu samþykki Matvælastofnunar að starfrækja hluta þeirrar starfsemi sem fram kemur í áætlun á bújörð í sama eða aðliggjandi sveitarfélagi.

Framleiðandi er skuldbundinn til að skila árlegri skýrslu sbr. 7. gr.

Hjón og einstaklingar í óvígðri sambúð, samkvæmt skráningu í þjóðskrá, sem standa saman að búrekstri geta sótt saman um greiðslur á grundvelli samnings þessa og óskað þess að greiðslum sé skipt jafnt á milli aðila.

#### 3. gr.

##### Greiðslur til framleiðanda

Framleiðandi skal fá stuðningsgreiðslur í samræmi við reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt á gildistíma samningsins við hann þrátt fyrir að hann stundi ekki sauðfjárrækt, þó að hámarki í fjögur ár. Fjárhæð beingreiðslna miðast við skráð greiðslumark og fjárhæð gæðastýringargreiðslna og svæðisbundins stuðnings miðast við meðaltal fjárfjölda og framleiðslu síðastliðinna tveggja ára. Sé framleiðandi ekki að hætta í sauðfjárrækt verður hlutfall greiðslna það sama og hlutfallsleg fækkun vetrarfóðraðs sauðfjár sem samið er um, sbr. 2. mgr. 2. gr.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "OSR" and "BRUN".

#### 4. gr.

##### Umsóknir um aðlögunarsamninga

Umsóknir um samninga þessa skal senda til Framleiðnisjóðs. Framleiðnisjóður auglýsir eftir umsóknum. Með umsókn skal fylgja áætlun um atvinnurekstur eða búskap sem framleiðandi hyggst stunda á lögbýlinu eða í nágrenni þess á samningstímanum.

Gildistími aðlögunarsamninga verður eftirfarandi með fyrirvara um fækkunarhlutfall sbr. 6. grein.

- 4 ár ef sótt er um aðlögunarsamning á árinu 2019.
- 3 ár ef sótt er um aðlögunarsamning síðar.

#### 5. gr.

##### Meðferð umsókna

Framleiðnisjóður fjallar um þær umsóknir sem berast, forgangsraðar ef þörf er á og metur hvort að þær uppfylla skilyrði samnings þessa. Verði fjöldi samninga takmarkaður skal forgangsraða umsóknum. Verkefni tengd sauðfjárafurðum skulu þá njóta forgangs. Stjórn Framleiðnisjóðs setur verklagsreglur við úthlutun sem staðfestar skulu af framkvæmdanefnd búvörusamninga.

Yfirlit samþykkttra umsókna skal berast til framkvæmdanefndar til upplýsinga. Framleiðnisjóður sér um að tilkynna framleiðanda um samþykkt umsóknar og gera við hann samning.

#### 6. gr.

##### Fyrirvari

Ef fækkun vetrarfóðraðra kinda vegna aðlögunarsamninga 2019 nær 10% (47.314 vf. kindur) , miðað við fjölda 1. janúar 2017 (473.144 vf. kindur) samkvæmt gögnum Búnaðarstofu Matvælastofnunar, verða ekki fleiri aðlögunarsamningar gerðir á því ári. Ráðherra er heimilt að endurmeta ofangreint hlutfall árlega, að fenginni tillögu framkvæmdanefndar búvörusamninga, með tilliti til innanlandsvogar og þróunar á framboði og eftirspurn sauðfjárafurða. Ákvörðun ráðherra vegna næsta almanaksárs á eftir skal liggja fyrir eigi síðar en 31. desember, í fyrsta skipti árið 2019. Framleiðnisjóður skal upplýsa framkvæmdarnefnd í lok umsóknartímabils um fjölda umsókna og fjárfjölda sem sótt er um.

#### 7. gr.

##### Eftirlit

Matvælastofnun skal annast eftirlit og eftirfylgni með samningum sem gerðir eru við einstaka framleiðendur á grundvelli samnings þessa og ganga úr skugga um að skilyrði samninganna séu uppfyllt.

Framleiðendur skulu skila inn árlegri skýrslu til Matvælastofnunar þar sem fram koma upplýsingar um markmið og framvindu verkefnis.

Eftirlit Matvælastofnunar getur m.a. falist í greiningu skýrslna sem framleiðendur senda stofnuninni, bréfaskiptum við framleiðendur og heimsóknum á lögbýli og heimili framleiðenda. Framleiðendum er skylt að veita starfsmönnum Matvælastofnunar þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna eftirlitshlutverks hennar.

Komi í ljós verulegur misbrestur á því að framleiðandi uppfylli skyldur sínar samkvæmt samningi hefur Matvælastofnun heimild til að rifta samningnum gagnvart viðkomandi framleiðenda og krefja hann um að endurgreiðslu þeirra fjármuna sem þegar hafa verið greiddir á grundvelli samningsins.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature and the initials "OSV".



## Viðauki II

Tafla 1 sýnir fjárhæðir eftir breytingu á niðurtröppun beingreiðslna og gripagreiðslum samkvæmt 2. gr. þessa samkomulags. Tafla 1 gildir frá og með 1. janúar 2020:

Tafla 1 – Fjárhæðir í m.kr.

Sauðfé	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Beingreiðslur – greiðslumark – 3. grein.	2.506	2.267	2.205	2.185	2.177	2.157	1.708	1.268	1.257	1.245
Gæðastýring – álagsgreiðslur – 4. grein	1.714	1.679	1.674	1.618	1.612	1.597	1.538	1.480	1.467	1.453
Gripagreiðslur – 5. grein										
Eftirstöðvar eldri sammings – 16. grein	20									
Býlisstuðningur – 6. grein		194	242	187	186	185	518	845	838	830
Ullarnýting – 7. grein	446	437	436	421	420	416	526	635	629	623
Fjárfestingastuðningur – 9. grein	0	48	48	46	46	46	69	93	92	91
Svæðisbundinn stuðningur – 8. grein	99	145	145	141	139	138	139	139	137	136
Aukið virði afurða - 10. grein	148	145	145	95	95	94	93	93	92	91
<b>Samtals sauðfjársamningur</b>	<b>4.932</b>	<b>4.916</b>	<b>4.896</b>	<b>4.694</b>	<b>4.675</b>	<b>4.633</b>	<b>4.591</b>	<b>4.550</b>	<b>4.510</b>	<b>4.470</b>

Tafla 2 sýnir fjárhæðir sem áður giltu skv. samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, dags. 19. febrúar 2016:

Tafla 2 – Fjárhæðir í m.kr.

Sauðfé	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Beingreiðslur – greiðslumark – 3. grein.	2.506	2.267	2.205	1.944	1.635	1.319	1.046	777	422	
Gæðastýring – álagsgreiðslur – 4. grein	1.714	1.679	1.674	1.652	1.816	1.970	2.120	2.268	2.504	2.482
Gripagreiðslur – 5. grein				95	225	355	445	534	621	1.033
Eftirstöðvar eldri sammings – 16. grein	20									
Býlisstuðningur – 6. grein		194	242	239	238	235	233	231	229	227
Ullarnýting – 7. grein	446	437	436	430	428	424	420	417	413	409
Fjárfestingastuðningur – 9. grein		48	48	95	95	94	93	93	92	91
Svæðisbundinn stuðningur – 8. grein	99	145	145	143	143	141	140	139	138	136
Aukið virði afurða - 10. grein	148	145	145	95	95	94	93	93	92	91
<b>Samtals sauðfjársamningur</b>	<b>4.932</b>	<b>4.916</b>	<b>4.896</b>	<b>4.694</b>	<b>4.675</b>	<b>4.633</b>	<b>4.591</b>	<b>4.550</b>	<b>4.510</b>	<b>4.470</b>

Tafla 3 sýnir breytingar fjárhæða:


Tafla 3 – Fjárhæðir í m.kr.

Sauðfé	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Beingreiðslur – greiðslumark – 3. grein.	0	0	0	241	542	838	663	490	835	1.245
Gæðastýring – álagsgreiðslur – 4. grein	0	0	0	-34	-204	-372	-582	-788	-1.038	-1.028
Gripagreiðslur – 5. grein	0	0	0	-95	-225	-355	-445	-534	-621	-1.033
Eftirstöðvar eldri sammings – 16. grein	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Býlisstuðningur – 6. grein	0	0	0	-51	-51	-51	284	613	608	603
Ullarnýting – 7. grein	0	0	0	-8	-9	-8	106	218	216	214
Fjárfestingastuðningur - 9. grein	0	0	0	-49	-49	-49	-24	0	0	0
Svæðisbundinn stuðningur - 8. grein	0	0	0	-3	-3	-3	-1	0	0	0
Aukið virði afurða - 10. grein	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
<b>Samtals sauðfjársamningur</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>

55  
  
 Out Ryan

## Viðauki III

### Þróun afurðaverðs og fjárfjölda



\* Áætlaður fjárfjöldi 2019

SS  
 MB  
 RAM  
 OSV

